



Fréttabréf Heiðarskóla

Maí 2014

Ábm. Bryndís Jóna Magnúsdóttir



Viðburðaríkt skólaár

Skólaárið 2013-2014 hefur verið viðburðaríkt og hafa nemendur jafnt sem starfsfólk safnað heilmiklu í reynslubankann. Í ár voru ýmsar hefðir í hávegum hafðar eins og útivistardagar, menningarstundir, aðventustundir á sal, upplestrarhátíð 4. bekkjar og upplestrarkeppni 7. bekkjar, íþróttavika og fleira. Við höfum auk þess prófað okkur áfram með ný verkefni eins og stuttmyndadaga unglíngastígs. Mikið hefur borið á spjaldtölvuvæðingu á unglíngastigi en hún hefur gengið vel og í sumum greinum vonum frammar. Nú hefur 9. bekkurinn klárað heilt skólaár með spjaldtölvu og 8. bekkur fengið að fíkra sig áfram með sínar en þeir nemendur fengu tölvu á miðri vorönn. Útikennsla á yngsta sigi og þá einkum í 3. bekk hefur tekist frábærlega og almennt hefur skapandi vinna verið áberandi í öllum bekkjum eins og sjá mátti á Opnum degi í maí. Það er óhætt að segja að árið hafi verið nemendum Heiðarskóla einstaklega heilladrjúgt hvað ýmis konar keppnir varðar. Þeir hafa hampað titlum eða tekið við verðlaunum í langflestum keppnum sem þeir hafa tekið þátt í og má þar nefna knattspyrnu- og körfuknattleiksmót grunnskóla Reykjanesbæjar, spurningakeppnina Gettu enn betur, Boðsundsmót grunnskólanna og Sundsambands Íslands, Stærðfræðikeppni grunnskóla og FS, Stóru upplestrarkeppnina og Skólahreysti. Það er óhætt að segja að verkefni ársins hafi verið krefjandi en ánægjuleg og lærdómsrík. Starfsfólk Heiðarskóla þakkar nemendum og foreldrum fyrir gott samstarf og ánægjulegar stundir á skólaárinu. Það er ósk okkar að þið njótið sumarsins og við hlökkum til að starfa með ykkur á næsta skólaári.



Skólaslit Heiðarskóla

Föstudaginn 6. júní verða skólaslit Heiðarskóla haldin á sal skólans. Foreldrar og forráðamenn eru hjartanlega velkomnir með börnum sínum.

Nemendur mæti til skólaslita sem hér segir:

Kl. 9:00	1., 2. og 3. bekkur
Kl. 10:00	4., 5. og 6. bekkur
Kl. 11:00	7., 8. og 9. bekkur

Útskrift 10. bekkinga

Útskrift 10. bekkinga í Heiðarskóla er kl. 13:30 föstudaginn 6. júní. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að mæta með börnum sínum og eiga ánægjulega stund í skólanum þennan síðasta skóladag þeirra í grunnskóla.

Boðið verður upp á veitingar að loknum skólaslitum.

HÉIÐARSKÓLA
Háttvisi - Hugvit - Heilbrigði

Forsíða | Skólinn | Nemendur og nám | Foreldrar | Fréttir

Síðustu skóladagarnir og skólaslit
02.06.2014 | Skólastjóri

Rómar Bárður skákmeistari Heiðarskóla!
02.06.2014 | Skólastjóri

Úppbyggingarstefnan
Matseðill
Fréttabréf

Þú er síðasta skólaári þessa skóla ársins. Langflestir bekkir hafa farið í vortíð og margir

Föstudaginn 30. maí var hið

Ný vefsíða

Ný vefsíða Heiðarskóla hefur verið í vinnslu frá áramótum en nú um mánaðamótin var hún birt og sú gamla tekin úr umferð. Við erum ákaflega ánægð með útlit og uppsetningu nýju síðunnar og vonum að notendur hennar séu sama sinnis.

Heiðarskólasigur í Skólahreysti 2014!

Lið Heiðarskóla, skipað þeim Andra Má, Arnóri Elí, Elmu Rósnýju og Kötlu Rún, vann frækinn sigur í úrslitakeppni Skólahreystis í Laugardalshöll þann 16. maí sl. Mikil stemning var í Höllinni og var liðið okkar dyggilega stutt af stórum hópi nemenda, kennara og fjölskyldumeðlima. Alls tóku tólf skólar þátt í þessari æsispennandi úrslitakeppni. Liðið okkar sigraði með 56 stigum og voru nágrannar okkar úr Holtaskóla í 2. sæti með 51 stig en Breiðhyltingarnir úr Seljaskóla vermdu 3. sætið. Landsbankinn,veitti nemendafélaginu okkar 200.000 krónur og fengu þau Andri, Arnór Elí, Elma og Katla m.a.l-pad mini í verðlaun. Þetta er í annað sinn sem lið Heiðarskóla vinnur þessa vinsælu keppni en það var síðast árið 2009. Í tvígang hefur liðið okkar lent í 2. sæti. Við erum að vonum ákaflega stolt af krökkunum okkar og þjálfaranum þeirra Helenu Jónsdóttur íþróttakennara.



Frábær árangur í stærðfræðikeppni grunnskólanna

Stærðfræðikeppni grunnskólanema fór fram í Fjölbautaskóla Suðurnesja 11. mars s.l. Nemendur úr 8.-10. bekk í öllum grunnskólum á Suðurnesjum fá að taka þátt í þessari keppni. Frá Heiðarskóla fóru 16 nemendur en alls voru þátttakendur 149. 10 efstu nemendurnir í hverjum árgangi voru boðaðir á hátíðarstund sem fram fór í Fjölbautaskólanum þann 24. apríl. Sex nemendum okkar var boðið að koma en það voru þau Bragi Már Birgisson og Dagný Halla Ágústsdóttir í 8. bekk, Andrea Einarsdóttir og Magnús Magnússon í 9. bekk og þeir Björgvin Theodór Hilmarsson og Geirmundur Ingi Eiríksson í 10. bekk. Allir sem voru boðaðir fengu viðurkenningarskjál en þeir nemendur sem voru í þremur efstu sætunum fengu peningaverðlaun frá Íslandsbanka auk þess sem Verkfræðistofa Suðurnesja gaf verðlaunahöfum í 10. bekk grafískan vasareikni. Það er skemst frá því að segja að allir nemendur okkar stóðu sig prýðilega vel en Björgvin Theodór, sem var að taka þátt í keppninni í þriðja sinn, sigraði í keppni 10.bekkinga. Önnur úrslit okkar nemenda voru þessi: Geirmundur Ingi lenti í 6.-10. sæti, Andrea í 5. sæti, Magnús í 3. sæti, Dagný í 6.-10. sæti og Bragi Már í 3. sæti. Við óskum keppendum öllum innilega til hamingju með þennan frábæra árangur!



Grunnskólameistarar í boðsundi!



Boðsundskeppni grunnskólanna var haldin í Laugardalslauginni þriðjudaginn 8. apríl. Keppt var í tveimur aldursflokkum, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk og fóru þær Elín og Helena, sundkennarar, með lið í báðum flokkum. Alls tók 21 skóli þátt í þessu móti sem Sundsamband Íslands heldur. Nemendur okkar stóðu sig afbragðs vel og varð liðið sem skipað er nemendum úr 8.-10. bekk „Grunnskólameistarar í sundi“. Árangur þeirra skóla Reykjanesbæjar sem tóku þátt í mótinu var eftirtektarverður en lið Holtaskóla í 5.-7. bekk vann sína keppni auk þess sem lið þeirra í 8.-10. bekk lenti í þriðja sæti. Lið Akurskóla var í öðru sæti í flokki eldri nemenda og röðuðust því skólar úr Reykjanesbæ í þriðju efstu sætin í flokki nemenda í 8.-10. bekk. Við í Heiðarskóla erum að vonum ákaflega stolt af þessum árangri sundkrakkanna okkar og óskum þeim innilega til hamingju með árangurinn.

Útinám í 3. bekk



Krakkarnir í 3. bekk hafa verið einstaklega duglegir í útinámi þetta skólárið. Þeir hafa, ásamt kennurunum sínum þeim Sigurbjörgu og Sólveigu Rós, farið út að skoða nærumhverfið í svo til hverri einustu viku. Hér má sjá nokkrar myndir úr vettvangsferðum þeirra í vetur. Þeir hafa til að mynda heimsótt Listasafn Reykjanesbæjar, skoðað listaverk og minnismerki víðs vegar um bæinn, fengið að fara á hestbak á Mánagrund, reynt fyrir sér á Hreystivellinum og margt fleira.



Skólanum afhentur veglegur styrkur

Eiríka Ýr Sigurðardóttir, fyrrverandi nemandi Heiðarskóla, færði skólanum gjafabréf að verðmæti 30.000 kr í byrjun maí. Hún kom sem fulltrúi Verkfræðistofu Suðurnesja sem veitti þennan veglega styrk. Peningagjöfin var ætluð til kaupa á stærðfræðigögnum fyrir yngri bekki skólans. Það var virkilega gaman að fá Eiríku og föður hennar í heimsókn til okkar enda áttum við góðar stundir með henni þegar hún var hér sem nemandi. Á myndinni má sjá Eiríku afhenda Sóleyju Höllu skólastjóra gjafabréfið og með þeim eru jafnaldrar hennar í 6.EA. Við kunnum Verkfræðistofu Suðurnesja okkar bestu þakkir fyrir gjöfina og Eiríku fyrir ánægjulega heimsókn.



Þóra Guðrún hlýtur viðurkenningu Heimilis og skóla



Þóra Guðrún og stærðfræðikennarar Heiðarskóla voru tilnefndir til Foreldravæðlauna Heimilis og skóla 2014 fyrir spjaldtölvuvæðingu. Í umsögn kom fram að stærðfræðikennarar, með Þóru Guðrúnu í fararbroddi, eru tilnefndir fyrir að gera nám aðgengilegra og skemmtilegra fyrir nemendur. Þóra Guðrún veitti viðurkenningunni viðtöku í Þjóðmenningarhúsinu 8. maí sl. Við óskum Þóru Guðrúnu og stærðfræðikennurum innilega til hamingju með þessa góðu viðurkenningu.



Opinn dagur í Heiðarskóla

Þann 13. maí var þriðji samskiptadagur þessa skólaárs og var þá foreldrum og öðrum áhugasömum boðið í skólann á Opinn dag. Nemendur kynntu ýmis verkefni sem unnin hafa verið á skólaárinu og í sumum bekkjum fengu gestir t.d. að taka þátt í leikfimi- eða tónlistarstund og spila námsspil. Veggi og ganga skólans prýddu alls kyns verkefni og voru þau sýnishorn af vinnu nemenda til marks um vandaða og skapandi vinnu á öllum skólastigum.



Sumarlestur



Nú stýttist óðum í sumarfrí og nemendur Heiðarskóla orðnir spenntir fyrir því sem sumarið hefur upp á að bjóða. Þeir hafa verið duglegir að lesa í vetur og margir hverjir bætt lestrarhraða sinn og - skilning heilmikið. Lestur krefst þjálfunar og því gerist það oft að nemendum fer aftur í lestri yfir sumartímann þegar bókunum er ýtt til hliðar. Mikilvægt er því að halda sér í æfingu og lesa reglulega í sumarfríinu. Bókaúrvalið á Bókasafni Reykjanesbæjar er eins og best verður á kostið og tekur starfsfólk þess vel á móti ungum lestrarhestum. Bókasafnið stendur fyrir hinum árlega sumarlestri en í ár geta krakkar safnað stjörnum í himingeiminn og skráð sumarlestrarbækur í þar til gerða bókaskrá. Eins má kanna hvaða bókagersemar leynast í bókahillunum heima.